



Reykjavík, 2. október 2017

Erindi RMF17080004 :

Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að einn fulltrúi minnihluta og einn fulltrúi meirihluta hafi aðkomu sem áheyrnarfulltrúar að þeim hópi sem fjallar um árlegar styrkveitingar ráðsins enda er hér um mikla fjármuni til úthlutunar ræða.

Í menningarstefnu Reykjavíkur er lagt upp með að fólk með sérþekkingu á skapandi greinum, hönnun, list- og menningarstarfsemi fjalli um og meti styrkumsóknir sem berast til borgarinnar. Unnið er eftir verklagsreglum sem menningar- og ferðamálaráð setur faghópnum og byggir á hugmyndini um „armslengd“ eða hæfilega fjarlægð, sem almennt er stuðst við í úthlutun til sambærilegra verkefna hjá opinberum aðilum hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Menningar- og ferðamálaráð úthlutar styrkjum til verkefna á sviði skapandi greina; hönnun, list- og menningarstarfsemi, að fengnum tillögum faghópsins. Fulltrúar í menningar- og ferðamálaráði hafa aðgang að öllum umsóknum auk þess sem faghópurinn kynnir tillögur sínar á sérstökum fundi með ráðinu. Þar fá fulltrúar ráðsins rökstuðning faghópsins og geta gert athugasemdir eða komið með sín sjónarmið um tillögurnar. Að loknum þeim fundi fá fulltrúar ráðsins tíma til að skoða tillögurnar áður en þær koma til samþykktar í ráðinu. Auk þessa vinnur starfsmaður menningar- og ferðamálasviðs með hópnum í ferlinu.

Í verklagsreglum sem menningar- og ferðamálaráð setur faghópnum eru lagðar áherslur, sem faghópnum ber að hafa að leiðarljósi við vinnu sína. Þannig hafa fulltrúar ráðsins tök á að hafa áhrif á tiltekna megindrætti þó mat umsóknanna og faglegur rökstuðningur séu í höndum faghópnum.

Einnig tryggir starfsmaður menningar- og ferðamálasviðs í samstarfi við þá sem skipa í faghópinn, BÍL og Hönnunarmiðstöð Íslands að eðlileg endurnýjun sé í faghópnum og að þar sé hugað að kyni, aldri og jafnvægi á milli ólíkra faghópa innan skapandi greina.

Stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands hefur fjallað um tillöguna og er sammála um tillagan: *um að einn fulltrúi minnihluta og einn fulltrúi meirihluta hafi aðkomu sem áheyrnarfulltrúar að þeim hópi sem fjallar um árlegar styrkveitingar ráðsins*, sé óþörf og ekki til bóta enda sé ferlið sem nú er unnið eftir til fyrirmyndar og tryggi allt í senn fagmennsku, gæði og gagnsæi.

Reykjavík, 2. október 2017

F.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands
Hörður Lárusson, formaður stjórnar

Hlutafar í Hönnunarmiðstöð Íslands eru: Arkitektafélag Íslands | Fatahönnunarfélag Íslands | Félag húsgagna- og innanhússarkitekta | Félag íslenskra gullsmíða | Félag íslenskra landslagsarkitekta | Félag íslenskra teiknara | Félag vöru- og iðhönnuða | Leirlistafélag Íslands | Textifélagið. Einn fulltrúi frá hverju félagi situr í stjórn Hönnunarmiðstöðvar.